

Nd.

367. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 frá 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir fengið þær upplýsingar um starfsemi Kreppulánasjóðs, að sjóðstjórninni hafi horizt um 2800 lánbeiðnir, veitt hafi þegar verið um 2000 lán, synjað hafi verið eða líkur til að synjað verði um 300 lán, og þá séu óafgreidd um 500 lán ennþá, sem þó muni að miklum hluta vera hægt að afgreiða fyrir áramót. Að visu geti enn bætzt við nýjar lánbeiðnir, en þó muni mestur hluti lánveitinganna vera að ljúkast nú í árslok.

Það hefir verið upplýst, að fyrrv. atvinnumálaráðherra, Þorsteinn Briem, hefir með bréfi 20. júlí 1933 skipað núverandi stjórnendur Kreppulánasjóð til ársloka 1935, og síðar með bréfi 9. nóv. 1933 ákveðið mánaðarlaun hvers þeirra fyrir sig 600 kr. á mánuði. Nefndin er sammála um það, að það sé með öllu óeðlilegt, að aðalbankastjóri Búnaðarbanka Íslands hafi, auk launa sinna hjá bankanum, sem eru nú 19200 kr. á ári, sérstök laun fyrir þetta náskylda starf, og þar sem mestum hluta starfsins verði lokið um áramótin næstu, sé einnig sjálfsgagt að lækka árslaun annara stjórnenda sjóðsins, enda sé landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða breytingu á þessu frá næstu áramótum. Enda þótt flutningsmenn frumvarpsins telji þá leið réttasta, sem farið er fram á í frumvarpinu, að leggja stjórn sjóðsins undir stjórn Búnaðarbankans frá næstu áramótum, vilja þeir þó til samkomulags innan nefndarinnar fallast á aðra afgreiðslu málsins, þar sem aðrir í nefndinni telja óviðeigandi, að einn stjórnandi sjóðsins (Jón Jónsson frá Stóradal), sem skipaður hafi verið til tveggja ára, hætti störfum um áramót. Einn nefndarmaður, Bjarni Ásgeirsson, hefir vegna aðstöðu sinnar látið afgreiðslu málsins afskiptalaus. Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með því að samþykkt verði eftirfarandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Með því að laun stjórnar Kreppulánasjóðs eru ákveðin af landbúnaðarráðherra, og engin ákvæði eru í l. nr. 78 frá 19. júní 1933 um launakjör stjórnenda sjóðsins, og með því að deildin telur, að mestur hluti starfs stjórnendanna sé að ljúkast, og auk þess með öllu óeðlilegt, að aðalbankastjóri Búnaðarbanka Íslands hafi auk sinna háu launa sérstök laun fyrir þetta náskylda starf, telur deildin sjálfsgagt, að landbúnaðarráðherra geri nýja ákvörðun um þóknun fyrir stjórn Kreppulánasjóðs samkvæmt þessu, frá næstu áramótum, og tekur í trausti þess fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

Páll Zóphóniasson,
fundaskr.

Héðinn Valdimarsson,
frsm.
Jón Pálmason.

Guðbr. Ísberg,
með fyrirv.